



19. fundur aðalstjórnar Aftureldingar 11. mars 2012

Fundur settur kl. 20:00 í kaffihúsinu í Álafossvos.

Mætt: Sævar Kristinsson, Anna Sigríður Guðnadóttir, Guðjón Helgason, Helga Jóhannesdóttir og Kristín Reynisdóttir og Ásmundur Pálsson. Hekla Klemenzdóttir hafði boðað forföll.

Dagskrá:

1. Fundir með deildum v/fjármál
2. Lagabreytingar
3. Erindi frá heildsala
4. Íþróttafulltrúi
5. Aðalfundur

1. Fundir með deildum v/ fjármál.

Gjaldkeri og varaformaður upplýstu aðalstjórn um þá fundi sem þau hafa átt með deildum.

2. Lagabreytingar. Farið yfir þær breytingar sem laganefnd hefur lagt til eftir að aðalstjórn hafði fjallað um fyrstu drög. Lögin verða kynnt á formannafundi og verða síðan birt á vef félagsins til kynningar viku fyrir aðalfund.

3. Erindi frá heildsala. Rætt ver erindi sem borist hafði frá Jóhanni Guðjónssyni í Namó þar sem hann setti fram óskir um ýmsar upplýsingar úr bókhaldi félagsins. Aðalstjórn telur sér ekki heimilit að veita umbeðnar upplýsingar til aðila utan stjórnar.

4. Íþróttafulltrúi. Rætt var erindi sem formaður hafði sent til bæjarins um aðstoð við að ráða íþróttafulltrúa en hugmyndin væri að sækja jafnframt um styrk úr verkefninu Vinnandi vegur sem Vinnumálastofnun stendur að fyrir hönd stjórnvalda og samtaka atvinnurekenda. Beðið er svars bæjaryfirvalda.

5. Aðalfundur. Aðalfundur félagsins verður haldinn í Listasalnum þann 29. mars næstkomandi eins og áður hefur komið fram. Framkvæmdastóri kallar eftir tilnefningum til heiðursviðurkenninga frá deildum. Framkvæmdastóri mun einnig auglýsa eftir umsóknum í Afrekssjóð Aftureldingar og Mosfellsbæjar. Einnig þarf að kalla eftir ársskýrslum deildanna tímanlega fyrir aðalfund félagsins. Þessi atriði verða tekin fyrir á formannafundi 12. mars.

6. Önnur mál. Rætt um stefnuþing bæjarins um íþróttamál sem haldið verður næstkomandi laugardag og mikilvægi þess að Aftureldingarfólk taki þátt.

Annað ekki gert. Fundi slitið klukkan 22:00

Fundargerð ritaði Anna Sigríður Guðnadóttir